



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 8. desember 2005

Ákvörðun nr. 13/2005

Kaup O.W. Bunker & Trading A/S á helmingi hlutfjár í O.W. Úthafsolíu ehf.

1.

Með bréfi Gunnars Sturlusonar hrl., dags. 2. nóvember 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup O.W. Bunker & Trading A/S í Danmörku (hér eftir nefnt OW) á helmingi hlutfjár í O.W. úthafsolíu ehf./O.W. Icebunker LTD. (hér eftir nefnt Icebunker). Í bréfinu kemur fram að seljandi hlutfjár sé Úthafsolía ehf. og að eftir kaupin muni OW vera eini eigandi Icebunker. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna¹. Bréfinu fylgdi einnig samningur um yfirtökuna, dags. 19. október 2005, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að tilgangur OW sé kaup og sala á olíuvörum. Félagið og sú samstæða sem það tilheyrir kaupir, dreifi og selji olíuvörur um allan heim, bæði sem milligönguaðilar og af eigin birgðum. Ennfremur kaupir samstæðan og selji olíufarma, einkum í Norður-Evrópu. Þá sinni systurfélög OW flutningastarfsemi. Loks segir að eina starfsemi OW á Íslandi felist í eignarhaldi á helmings hlut í Icebunker.

Um Icebunker segir að tildrög þess félags hafi verið þau að í febrúar árið 2000 hafi núverandi eigendur Úthafsolíu, þ.e. Skeljungur hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Olíufélagið hf. (nú Ker hf.) annars vegar og OW í Danmörku hins vegar skrifað undir samkomulag um stofnun á félagi sem myndi annast sölu og afgreiðslu á eldsneyti til fiskiskipa á alþjóðlegu hafsvæði sem nái allt frá Flæmingjagrunni (út af Kanada) og norður í rússneska lögsögu í Barentshafi. Í tengslum við þessa starfsemi reki Icebunker birgðastöðvar, skip og flutnings- og afgreiðslutæki. Þá annist félagið miðlun á eldsneyti og skyldum vörum til viðskiptavina félagsins utan þjónustusvæðis þess.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Um aðdraganda samrunans segir að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 hafi verið gerðar margvíslegar athugasemdir við samstarf Skeljungs, Olíuverzlunar Íslands og Olíufélagsins. Þar hafi m.a. verið fjallað um samstarf félaganna innan Icebunker og þeim gert að upplýsa samkeppnisyfirvöld um samstarf á vettvangi þess félags. Í framhaldi hafi olíufélögin leitað til OW um möguleg kaup á hlut olíufélaganna í Icebunker. OW hafi talið að um vænlegan fjárfestingakost væri að ræða og í kjölfarið hafi verið gerður kaupsamningur um sölu olíufélaganna á hlut þeirra til OW þann 19. október sl.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa OW á hlut Úthafsolíu í Icebunker. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Áhrif þessa samruna er að Skeljungur, Olíuverzlun Íslands og Ker hætta allri samvinnu um sölu á olíu til skipa á hafi úti en ljóst er að sú samvinna hafði neikvæð áhrif á samkeppni, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004. Kann samruni þessi því að hafa að þessu leyti jákvæð áhrif á markaðnum hér á landi fyrir sölu á olíuvörum. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 19. október 2005, keypti O.W. Bunker & Trading A/S helming hlutafjár í O.W. úthafsolíu ehf./O.W. Icebunker Ltd. Felur þessi yfirtaka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson